



Ráðhús Reykjavíkur

Forsætisnefnd

Efni: Tillaga ungmennaráðs um lýðræði í grunnskólum

Á fundi skóla- og frístundaráðs þann 23. nóvember 2021 var lagt fram bréf borgarstjórans í Reykjavík, dags. 16. júní 2021, þar sem tillögu fulltrúa ungmennaráðs Kjalarness er vísað til meðferðar skóla- og frístundaráðs, ásamt minnisblaði sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs, dags. 15. nóvember 2021:

Lagt er til að borgarstjórn samþykki að fela skóla- og frístundasviði að hefja vinnu við innleiðingu náms á unglíngastigi þar sem áhersla er lögð á fræðslu um lýðræði og lýðræðislega þátttöku í samstarfi við grunnskóla Reykjavíkur. Miða skal við að kennsla hefjist í öllum grunnskólum eigi síðar en á haustmisseri 2022.

Greinargerð fylgdi.

Skóla- og frístundaráðsfulltrúar Samfylkingarinnar, Viðreisnar, Pírata og Vinstri grænna lögðu fram svohljóðandi breytingatillögu:

Lagt er til að skóla- og frístundasvið láti taka saman það námsefni sem grunnskólum stendur til boða og fjallar um lýðræði og lýðræðislega þátttöku og útbúi kennsluleiðbeiningar sem skólar geti fylgt í þeirri vinnu. Einnig verði staðið fyrir reglulegum námskeiðum fyrir kennara og starfsfólk félagsmiðstöðva um hvernig megi haga námi um lýðræði og byggja upp lýðræðislega þátttöku í skóla- og frístundastarfi í samræmi við nýja lýðræðisstefnu Reykjavíkurborgar. Miðað verður við að fyrstu námskeiðin verði haldin haustið 2022.

Tillagan var samþykkt.

Skóla- og frístundaráðsfulltrúar Samfylkingarinnar, Viðreisnar, Pírata og Vinstri grænna lögðu fram svohljóðandi bókun:


Tillaga Ungmennaráðs Kjalarness um aukna fræðslu um lýðræðismál fellur vel að áherslum nýrrar lýðræðisstefnu og er tekið undir kjarna hennar í breytingatillögu meirihlutans um að lagður verði grunnur að lýðræðiskennslu í grunnskólum með því að safna saman námsefni fyrir grunnskóla um lýðræði og lýðræðislega þátttöku og útbúa kennsluleiðbeiningar fyrir skólana. Þá verði efnt til námskeiða fyrir kennara og starfsfólk félagsmiðstöðva um hvernig megi standa að lýðræðisfræðslu í grunnskólunum. Miðað verður við að fyrstu námskeiðin verði haldin næsta haust.

Lýðræði í skóla- og frístundastarfi er ein af megin tillögum í aðgerðaáætlun lýðræðisstefnunnar og tillaga ungmennaráðsins er gott innlegg í þá vinnu.

Skóla- og frístundaráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokksins lögðu fram svohljóðandi bókun:

Á sameiginlegum fundi borgarstjórnar og Reykjavíkurráðs ungmenna 11. júní 2021 lagði fulltrúi frá ungmennaráði Kjalarness fram eftirfarandi: „Lagt er til að borgarstjórn samþykki að fela skóla- og frístundasviði að hefja vinnu við innleiðingu náms á unglíngastigi þar sem áhersla er lögð á fræðslu um lýðræði og lýðræðislega þátttöku í samstarfi við grunnskóla Reykjavíkur. Miða skal við að kennsla hefjist í öllum grunnskólum eigi síðar en á haustmisseri 2022“. Tillögunni var vísað til meðferðar skóla- og frístundaráðs og ratar hún loksins á dagskrá ráðsins í dag. Og þá sem breytingartillaga meirihlutans, sem er efnislega sú sama og tillaga ungmennaráðsins. Fulltrúar Sjálfstæðisflokks telja þessa málsmeðferð óþarfa og frekar til að draga úr áhuga á þátttöku ungmenna í ákvörðunum í málefnum sem þeim tengjast. Í bókun við fyrsta lið á dagskrá er varað við þessum vinnubrögðum. Taka þarf fagnandi á móti málefnalegum og vönduðum tillögum frá börnum og ungmennum í borginni, en ekki tefja þær og þvæla í borgarkerfinu.

Virðingarfyllst



Helgi Grímsson
sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs

Hjálagt:
Greinargerð



Reykjavíkurborg
Skóla- og frístundasvið

Reykjavík, 15. nóvember 2021
SFS2021060161
220. fundur
HG/khs

MINNISBLAÐ

Viðtakandi: Skóla- og frístundaráð

Sendandi: Helgi Grímsson, sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs

Efni: Varðandi tillögu ungmennaráðs Kjalarness um aukna fræðslu um lýðræði og lýðræðislega þátttöku í grunnskólum Reykjavíkurborgar

Á sameiginlegum fundi borgarstjórnar og Reykjavíkurráðs ungmenna 11. júní 2021 lagði Justina Kiskeviciute frá ungmennaráði Kjalarness fram svohljóðandi tillögu sem vísað var til meðferðar skóla- og frístundaráðs:

Lagt er til að borgarstjórn samþykki að fela skóla- og frístundasviði að hefja vinnu við innleiðingu náms á unglingsstigi þar sem áhersla er lögð á fræðslu um lýðræði og lýðræðislega þátttöku í samstarfi við grunnskóla Reykjavíkur. Miða skal við að kennsla hefst í öllum grunnskólum eigi síðar en á haustmisseri 2022.

Greinargerð fylgdi tillögunni.

Í tillögu ungmennaráðs Kjalarness er kallað eftir hlutlausri fræðslu um lýðræði, stjórnsmál, stjórnkerfið, stjórnsmálaflokka og fleira fyrir börn og ungmenni. Tilgangurinn er sagður vera að tryggja að þau séu betur undir það búin að takast á við þá áskorun sem felst í því að ganga til kosninga og gæta sinna hagsmuna. Það er svo sannarlega mikilvægt að undirbúa börn og ungmenni undir þátttöku í lýðræðissamfélagi og tillagan því þarft innlegg í umræðuna um lýðræðisstarf til framtíðar í skóla- og frístundastarfi Reykjavíkurborgar.

Í ágúst 2016 var gefin út skýrsla starfshóps um aukið lýðræði barna og ungmenna í skóla- og frístundastarfi SFS. Þar kom meðal annars fram að lýðræði er skilgreint sem einn af sex grunnþáttum menntunar í aðalnámskrá leik- og grunnskóla og í starfsskrá frístundamiðstöðva er lýðræði einn af fimm áhersluþáttum og litið á það sem grunnþátt í starfinu. Frá því að þessari skýrslu var skilað inn hefur menntastefna Reykjavíkurborgar tekið gildi og þar er virkni og lýðræðisleg þátttaka barna mikilvægt leiðarljós auk þess sem stefnan byggir á grunnstefjum Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna um að hlustað skuli á börn og að þau eigi að hafa um mál sem þau varðar að segja. Lýðræðisstefna Reykjavíkurborgar hefur verið samþykkt og gildir til ársins 2030 en henni fylgir aðgerðaráætlun sem inniheldur mælanleg markið og gildir til ársins 2024. Eins og fram kemur í stefnunni og aðgerðaráætluninni hefur skóla- og frístundasvið skuldbundið sig til að vinna að því að auka með fjölbreyttum leiðum lýðræðislega virkni, efla lýðræðisvitund og gagnrýna hugsun barna og ungmenna í skóla- og frístundastarfi. Einnig verður kannað meðal ungmenna í grunnskólum hvaða skoðun þau hafa á fyrirkomulagi

ungmennaráðanna í Reykjavík og framhaldinu settar fram tillögur til breytinga og úrbóta ef ástæða þykir til. Skóla- og frístundasvið mun í samstarfi við mannréttinda- og lýðræðisskrifstofu og fleiri aðila vinna að aukinni þátttöku í verkefninu Hverfið mitt, taka þátt í árlegri lýðræðishátíð unga fólksins og skoða möguleika á útgáfu námsefnis sem snýr að samfélagslegri þátttöku barna og unglinga. Það má því segja að það sé augljóst að lýðræði telst vera gríðarlega mikilvægur þáttur í öllu skóla- og frístundastarfi og að það er ekki valkvætt að vinna að framgangi þess á starfsstöðum skóla- og frístundasviðs.

Í fyrrnefndri skýrslu starfshóps um aukið lýðræði barna og ungmenna í skóla- og frístundastarfi voru lagðar fram tillögur sem má segja að séu ennþá góðar og gildar og hluti þeirra hefur komist í framkvæmd. Til dæmis er í gangi markviss vinna við innleiðingu á Barnasáttmálanum í skóla- og frístundastarfi og til staðar fjármagn til þess að hægt sé að halda reglulega ungmennaping. Einnig er verið að vinna að því að kynna betur og styðja við nemendur sem starfa í skólaráðum, stjórnnum nemendafélaga og unglingaráðum. Það verður gert með því að útbúa kynningarmyndbönd, safna saman verkfærum í verkfærakistu menntastefnunnar um lýðræðisvinnu og skapa vettvang fyrir samtal og fræðslu fyrir börn og ungmenni sem starfa í ráðunum. Einnig hafa í tengslum við menntastefnuna verðir útbúnir mælikvarðar þar sem starfsstaðir geta meðal annars skoðað hvar þeir standa varðandi samfélagslega ábyrgð og virkni. Aðrar tillögur hafa því miður ekki komist í framkvæmd og gefur þessi tillaga frá Reykjavíkurráði ungmenna tilefni til þess að klára þessa vinnu sem fór af stað haustið 2016.

Starfsstaðir skóla- og frístundasviðs eiga kost á að taka þátt í verkefnum á borð við Skólaþing á Alþingi fyrir efstu bekkji grunnskóla og Krakkakosningar í samstarfi Umboðsmanns barna og RÚV. Krakkakosningar voru haldnar í fimmta sinn í tengslum við kosningar til Alþingis 25. september 2021. Með krakkakosningum er börnum gefið tækifæri til að kynnast fyrirkomulagi almennra kosninga og láta í ljós skoðanir sínar, í samræmi við ákvæði Barnasáttmálans, samnings Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins, sbr. lög nr. 19/2013. Í aðgerðarætlun með lýðræðisstefnu Reykjavíkurborgar kemur einnig fram að skoða á leiðir til að taka á móti nemendahópum í Ráðhúsi Reykjavíkur með svipuðum hætt og gert er á Alþingi. Nemendur geti þannig heimsótt ráðhúsið með kennurum sínum, setið nefndarfundi, talað fyrir tillögum og kosið um þær. Þessi verkefni styðja öll við lýðræðisstarf í skóla- og frístundastarfi.

Barnvænt sveitarfélag er verkefni sem styður sveitarfélög við að innleiða Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna í alla sína stjórnsýslu og starfsemi. Þó að verið sé að vinna að innleiðingu á Barnasáttmálanum á starfsstöðum skóla- og frístundasviðs myndi þátttaka í verkefninu um Barnvænt sveitarfélag þýða að sveitarfélagið samþykki að nota sáttmálann sem viðmið í sínu starfi og að forsendur sáttmálans gangi sem rauður þráður gegnum starfsemi þess. Reykjavíkurborg ætti því að skoða að hefja þátttöku í þessu verkefni auk þess að hraða vinnu við innleiðingu á Barnasáttmálanum á starfsstöðum skóla- og frístundasviðs og fjölga þannig starfsstöðum sem teljast til Réttindaskóla og Réttindafrístundastarfs.

Allt ofantalið er til þess fallið að styðja við nám um lýðræði og lýðræðislega þátttöku barna og ungmenna og á að tryggja að hlustað sé á raddir barna, þau fái að koma að ákvarðanatöku um mál sem varðar þau og fái fræðslu um stjórnkerfið, stjórnsmál og kosningar. Eins og kemur fram í aðalnámskrá grunnskóla frá 2011 er gott að hafa í huga að: „Gert er ráð fyrir að börn og ungmenni læri til lýðræðis með því að læra um lýðræði í lýðræði“ (bls. 21). Það má þó alltaf gera betur og mörg tækifæri til úrbóta og því er lagt til að auk þeirra lýðræðisverkefna sem nú þegar er verið að vinna að verði einnig:

1. Lokið við innleiðingu tillagna í skýrslu um aukið lýðræði barna og ungmenna í skóla og frístundastarfi SFS frá 2016.
2. Stutt við markvissa innleiðing á tillögum í nýrri lýðræðisstefnu Reykjavíkurborgar og aðgerðum í aðgerðaráætlun sem snúa að skóla- og frístundasviði.
3. Hvatt til að grunnskólar taki þátt í Skólaþingi á Alþingi.
4. Hvatt til að allir grunnskólar taki þátt í Krakkakosningum.
5. Fjölgað starfsstöðum á skóla- og frístundasviði sem eru Réttindaskólar og Réttindafrístundastarf.
6. Reykjavíkurborg innleiði hugmyndafræði og verklag Barnvæns sveitarfélags.

Nánari upplýsingar:

Aukið lýðræði barna og ungmenna í skóla- og frístundastarfi SFS – skýrsla starfshóps:
https://reykjavik.is/sites/default/files/ymis_skjol/skjol_utgefid_efni/104_1.1_lydraedishopur_l_0kaskyrsla.pdf

Lýðræðisstefna Reykjavíkurborgar:

https://reykjavik.is/sites/default/files/skrifstofur_radhuss/Mannrettindaskrifstofa/skjol/lydraedi_sstefna_loka.pdf

Aðgerðaráætlun með lýðræðisstefnu Reykjavíkurborgar:

https://reykjavik.is/sites/default/files/ymis_skjol/Mannrettindaskrifstofa_skjol/adgerdaaetlun_loka.pdf

Barnvænt sveitarfélag – nánari upplýsingar:

<https://barnvaensveitarfelog.is/barnvaen-sveitarfelog/hvad-eru-barnvaen-sveitarfelog/>

Skólaþing á Alþingi- nánari upplýsingar:

<https://www.skolathing.is/>

Krakkakosningar:

<https://www.barn.is/frettir/krakkakosningar-1>

